

Erindi frá foreldrafélagi leik- og grunnskólans

Erindi til tómsunda-, íþróttá- og menningarnefndar Strandabyggðar

Foreldrafélag sameinaðra skóla hélt opinn fund sunnudaginn 14. janúar. Á fundinum komu fram ýmsar spurningar sem foreldrar í samfélaginu óskuðu eftir að fá svarað auk hugmynda að lausnum og breytingum til framfara. Stjórn foreldrafélagsins tók að sér að koma þessum upplýsingum áfram til þeirra nefnda sem málefnið heyrðu undir.

Málefnið eru eftirfarandi:

1. Staða íþróttá og tómsundafulltrúa.

1. Er íþróttá- og tómsundafulltrúi í leyfi og ef já hversu lengi?
2. Hver leysir íþróttá- og tómsundafulltrúa af meðan á fjarveru stendur?
3. Ef um lengri fjarveru er að ræða, stendur til að auglýsa stöðuna?
4. Við hvern á að hafa samband varðandi starfsemi félagsmiðstöðvar og með hvaða hætti?
5. Ef enginn sinnir starfi íþróttá- og tómsundafulltrúa sem stendur hver er þá yfirmaður starfseminnar?
6. Hefur komið til álita að efla samstarf við nágrannasveitarfélögin enn frekar og stofna til samstarfs um stöðu tómsundafulltrúa?

2. Íþróttáæfingar og þjálfun.

Foreldrar hafa að miklu leiti skipt því með sér að sinna æfingum til að tryggja að börnin hafi tækifæri til íþróttaiðkunar.

7. Hefur sveitarfélagið unnið með íþróttafélögum og öðrum hlutaðeigandi að því að finna lausn?
8. Sér sveitarfélagið fyrir sér að geta með einhverju móti komist til móts við þessa stöðu?

3. Opnunartímar í Íþróttahúsi

Okkur skilst að opnunartímar í íþróttahúsinu um helgar standi að hluta til í vegi fyrir því að boðið sé upp á leikskólaíþróttir og fleiri íþróttanámskeið um helgar

9. Ermöguleiki að færa helgaropnuna fyr á daginn, t.d. Að hafa opið kl. 10-14

Við óskum eftir að nefndin taki erindið fyrir og vísi áfrm til sveitarstjórnar eða annarra nefnda eftir atvikum. Jafnframt óskum við eftir skriflegu svari við hverri spurningu fyrir sig.

Með fyrirfram þökk

Foreldrafélag leik- og grunnskólans